



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Uppboð

á tíðniréttindum á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum

Samráð við hagsmunaaðila

Samantekt á umsögnum og niðurstöður PFS

17. desember 2012

Efnisyfirlit

1. Drög að skilmálum	3
2. Helstu markmið PFS.....	3
3. Viðbrögð hagsmunaaðila	4
4. Niðurstöður PFS	4
4.1 Hámarksúthlutun tíðna á 800 MHz tíðnisviðinu.....	4
4.2 Stærð tíðniheimilda B-E	7
4.3 Gildistími tíðniheimilda á 800 MHz tíðnisviðinu	8
4.4 Heimildir á 1800 MHz tíðnisviðinu.	9
4.5 Kostnaður tíðniheimilda.....	10
4.5 Gagnrýni á skýrslu Mannvits.	10
4.6 Fjárhagslegt skilyrði um eigið fé aðila.....	11
4.7 Skilyrði um tæknilega getu.	13
4.8 Þátttökugjald	13
4.9 Útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildar A.....	14
4.10 Skipting tíðniheimilda eftir landssvæðum	16
4.11Tímasett áætlun um uppbyggingu.....	17
4.12 Vanefndir við að uppfylla útbreiðslukröfur.	18
4.13 Afsláttur af tíðniheimild A.....	18
4.14 Gæðaviðmið þjónustu	19
4.15 Truflanir	21
4.16 Samnýting tíðnisviða og samstarf aðila.	21
4.17 Upplýsingar um boð og bjóðendur	23
4.18 Talsímaþjónusta	23

1. Drög að skilmálum

Þann 29. október sl. auglýsti PFS á heimasíðu sinni að stofnunin muni halda rafrænt uppboð á tíðniheimildum fyrir farsíma- og farnetsþjónustu á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum í byrjun árs 2013. Birti stofnunin samhliða drög að skilmálum uppboðsins og óskaði eftir samráði við hagsmunaaðila. Frestur til að senda inn umsagnir, athugasemdir og ábendingar var til 26. nóvember sl.

Samkvæmt drögunum er ætlunin að bjóða 60 MHz (2x30 MHz) í samtals fimm tíðniheimildum á 800 MHz tíðnisviðinu og 50 MHz (2x25 MHz) í fimm tíðniheimildum á 1800 MHz tíðnisviðinu. Tíðniheimildirnar fela í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota en leiða hvorki til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar yfir viðkomandi tíðnisviði. Tíðniheimildir á 1800 MHz verða tæknilega hlutlausar. Tíðniheimildirnar á 800 MHz tíðnisviðinu heimila notkun á hlutaðeigandi tíðnum fyrir farnetsþjónustu og eru bundnar ákveðnum lágmarkskröfum um útbreiðslu og uppbyggingu háhraðafarnetsþjónustu.

Þá kveða drögin á um að á 800 MHz tíðnisviðinu sé um að ræða eina tíðniheimild, 2x10 MHz með 25 ára gildistíma, sem kveður á um að 99,5% lögheimila og sama hlutfall vinnustaða, með heilsársstarfssemi, á öllum fyrirfram skilgreindum landssvæðum, skuli eiga kost á tiltekinni háhraðafarnetsþjónustu. Aðrar tíðniheimildir á tíðnisviðinu eru 2x5 MHz, gilda til 10 ára og fela í sér skuldbindingu um að 93,5% lögheimila og vinnustaða, óháð landsvæðum, skuli eiga kost á tiltekinni háhraðafarnetsþjónustu.

Enn fremur skal gagnaflutningshraði háhraðafarnetsþjónustunnar, fyrir þá aðila sem nú þegar eru handhafar tíðniheimilda til að veita UMTS þjónustu hér á landi og tengdra aðila, vera 2 Mb/s fyrir árslok 2014, 10 Mb/s fyrir árslok 2016 og 30 Mb/s fyrir árslok 2020. Fyrir aðra aðila skal gagnaflutningshraði háhraðafarnetsþjónustunnar vera 10 Mb/s fyrir árslok 2016 og 30 Mb/s fyrir árslok 2020. Aftur á móti eru ekki eru gerðar útbreiðslu- eða uppbyggingarkröfur í tíðniheimildum á 1800 MHz tíðnisviðinu.

Drögin kveða jafnframt á um ákveðnar takmarkanir á stærð tíðnisviða sem sami aðili getur hlotið að afloknu uppboði. Hvað varðar 800 MHz tíðnisviðið gátu aðilar, og tengdir aðilar, ekki verið handhafar að stærra tíðnisviði en sem nemur 2x20 MHz. Á 1800 MHz tíðnisviðinu gátu aðilar og tengdir aðilar, ekki boðið í meira en 2x15 MHz af tíðnisviðinu sem er til úthlutunar samkvæmt uppboðinu.

2. Helstu markmið PFS

Samkvæmt bréfum innanríkisráðherra, dags. 22. júní 2011 (1800 MHz) og 9. nóvember 2011 (800 MHz), sbr. einnig 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti og V. kafla reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum, til PFS er stofnuninni heimilt að bjóða upp heimildir til notkunar á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum. Í bréfunum kemur þó fram að samþykki sé veitt „... með því fororði að leitast verði við að nýta heimildir fjarskiptalaga til að taka tillit til samfélagslegra sjónarmiða, einkum til að ná aukinni útbreiðslu þeirrar þjónustu sem kemur til með að verða veitt á grundvelli heimildanna.“

Með þessi fororð að leiðarljósi leitaði PFS til markmiða stjórnvalda sem sett eru fram í tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022, sbr. þskj. 173 í máli 172 sem nú nýlega var samþykkt á Alþingi. Eru þar sett fram markmið varðandi háhraðafarnet og segir í g- og f-liðum 1. tölul. tillögunnar að 98% lögheimila og vinnustaða skuli eiga kost á háhraðafarneti árið 2014 og 99,9% árið 2022. Þá eigi 80% af landi og hafssvæði í kringum landið eiga kost á háhraðafarneti árið 2018.

Til að framfylgja kröfu um samfélagsleg sjónarmið leitaði PFS til verkfræðistofunnar Mannvits til að meta umfang og framkvæmd á ýmsum valkostum vegna uppbyggingar háhraðafarneta. Sú skýrsla er fylgiskjal við skilmála uppboðsins og grundvallast útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur þeirra m.a. á vinnu Mannvits. Þær kröfur ná ekki að uppfylla þau samfélagslegu markmið sem sett eru fram í áðurnefndri þingsályktunartillögu enda er það mat PFS að ekki séu forsendur að svo stöddu að setja fram jafn kostnaðarsamar útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur. Aftur á móti er það mat stofnunarinnar að við útgáfu tíðniheimilda á hinu verðmæta og langdræga 800 MHz tíðnisviði sé eðlilegt að setja útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur til að tryggja ákveðin samfélagsleg markmið, enda tíðnisviðið vel til þess fallið. Setti stofnunin fram útbreiðslu- og uppbyggingarkröfu þess efnis að 99,5% lögheimila og vinnustaða skuli eiga kost á 2 Mb/s gagnaflutningshraða fyrir árslok 2014, 10 Mb/s gagnaflutningshraða fyrir árslok 2016 og 30 Mb/s gagnaflutningshraða fyrir árslok 2020. Með þessum hætti reyndi stofnunin að finna meðalveg milli getu markaðarins og samfélagslegu markmiða sem stjórnvöld hafa sett.

3. Viðbrögð hagsmunaaðila

PFS bárust umsagnir frá fimm aðilum, þ.e. Símanum hf., Nova ehf., Fjarskiptum ehf., iCell ehf. og INTER. Helstu atriði úr umsögnum þeirra eru tilgreind í eftirfarandi kafla um niðurstöður PFS. Þá þykir erindi INTER vera þess eðlis að það gefi ekki tilefni til þess að fjallað sé það niðurstöðuskjali þessu. Fjögur fyrirtæki eru því auðkennd með bókstöfunum A, B, C og D, án þess að sami bókstafur tákni ávallt sama fyrirtæki.

4. Niðurstöður PFS

4.1 Hámarksúthlutun tíðna á 800 MHz tíðnisviðinu

Ákvæði skilmála:

Í köflum 3.2.3 og 3.3.2 í drögum að skilmálum uppboðsins er fjallað um takmarkanir sem settar eru við hversu margar tíðniheimildir aðili, og hver aðili sem telst tengdur honum, fengið úthlutað að uppboði loknu. Á grundvelli kaflanna getur aðili, og tengdir aðilar, fengið úthlutað sem nemur 2x20 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu og 2x15 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu, þ.e. samtals 2x35 MHz.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að skilmálar uppboðsins er varðar 800 MHz tíðnisviðið séu settir upp með þeim hætti að þeir geti skaðað samkeppni á fjarskiptamarkaði til lengri tíma. Skilmálarnir bjóði upp á að einn og sami aðili geti að uppboði loknu fengið úthlutað tíðniheimildum fyrir 2x20 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu og 2x15 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu, þ.e. samtals 2x35

MHz. Auk þess hafi sumir aðilar á markaði yfir að ráða 2x15 MHz hvort á 900 MHz tíðnisviðinu. Nái fyrirtæki að tryggja sér 2x35MHz á 800 og 900 MHz tíðnisviðunum myndi slík staða setja samkeppnisaðila til hliðar með varanlegum hætti. Bendir fyrirtæki A á að að innbyggð áhætta fyrirtækja til að tryggja sér tíðnir á sé mismikil. Stafar það af þegar úthlutuðum tíðnum á 900 MHz tíðnisviðinu og framtíðarmöguleikum á samnýtingu tíðna (fléttu) á milli tíðnisviða, misstöru dreifinetti og þau hafi mismunandi fjárhagslega burði til að keppa um dýrar tíðnir. Er stærri aðilum á markaði í lófa lagið að takmarka samkeppni á markaðinum til muna með því að útiloka minni aðila frá tíðnum til framtíðar. Að lokum bendur fyrirtækið á yfirburðastöðu Símans í ljósi samnings félagsins við fjarskiptasjóð vegna háhraðaverkefnis. Telur fyrirtæki A augljóst að Síminn sé í kjöraðstöðum til að endurnýja samning við sjóðinn og fái með þeim hætti til baka fjármuni sem fóru í að tryggja sér tíðnir á uppboðinu. Að mati fyrirtækis A leiðir allt framangreint til þess að ekki sé rétt að ganga til úthlutunar á 800 MHz tíðnisviðinu að óbreyttum þeim forsendum sem lagðar eru til í skilmálum uppboðsins. Tryggja verði í skilmálum að ekki verði óeðlileg röskun á samkeppni.

Fyrirtækið fer enn fremur fram á að rétthafar tíðniheimilda á 900 MHz tíðnisviðinu geti ekki boðið í meira en sem nemur 2x15 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við tillögu PFS í skilmálunum um heildarfjölda tíðniheimilda sem bjóðandi getur hlotið að því loknu.

Viðbrögð PFS:

PFS getur að mörgu leyti tekið undir þau sjónarmið sem fyrirtæki A setur fram. Það að þeir aðilar, sem þegar hafa góðan aðgang að 900 MHz tíðnisviðinu, mögulega bæti við sig til 2x35 MHz samtals á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum, að afloknu uppboði, geti leitt til þess að viðkomandi aðili hafi sterkari stöðu til lengri tíma litið með mögulegum neikvæðum áhrifum á samkeppni. Aftur á móti getur verið ákveðinn aðstöðumunur fyrir hendi milli fyrirtækja á markaði, á það við um aðra markaði sem og fjarskiptamarkaðinn. Slíkt er ekki óeðlilegt enda mismunandi hvenær aðili kemur inn á markaðinn og hversu langt viðkomandi er kominn í fjárfestingum og uppbyggingu sinni á hlutaðeigandi markaði. PFS hefur á undanförnum misserum stuðlað að því að jafna sem mest stöðu fyrirtækja með þeim heimildum sem stofnunin hefur. Má sem dæmi nefna að árið 2009 úthlutaði Póst- og fjarskiptastofnun tíðniheimildum á 900 og 1800 MHz tíðnisviðunum til fjarskiptafyrirtækisins Nova ehf. án endurgjalds vegna skorts á gjaldtökuheimild en þá var horft til þess að fyrirtækið hafði greitt hátt gjald við innkomu sína á farsímamarkað líkt og Síminn og Vodafone gerðu upphaflega fyrir tíðniheimildir til að veita GSM-farsímaþjónustu. Enn fremur má sjá viðleitni PFS í að jafna aðgengi aðila á markaði að tíðnum þar sem hluti tíðniheimilda Símans og Vodafone á 900 MHz tíðnisviðinu sem gefnar voru út af stofnuninni í febrúar 2012 hafa gildistíma til fimm ára.

PFS telur að rétt sé að koma til móts við athugasemdir fyrirtækis A og stuðla þar með að mögulegri aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði með háhraðafarnetsþjónustu og mun breyta skilmálum uppboðs svo slíkt markmið megi ná fram að ganga. Þá telur PFS, í ljósi þess að þegar útgefnar tíðniheimildir á 1800 MHz og 2.1 GHz tíðnisviðunum verði tæknilega

hlutlausar, í kjölfar útgáfu tíðniheimilda á grundvelli uppboðsins, að tryggja verði aðilum, sem ekki hafa nú þegar útgefnar tíðniheimildir til að veita UMTS þjónustu, nægjanlega bandvidd til að veita ásættanlega og samkeppnishæfa háhraða farnetsþjónustu hér á landi. Stofnunin gerir því breytingar á til hækkunar á hámarksúthlutun til þeirra aðila svo þeir geti, að hámarki fengið úthlutað 2x20 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu og 2x20 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu. Getur slíkur aðili því fengið samtals úthlutað 2x40 MHz á grundvelli uppboðsins.

Hvað varðar aðila sem voru réttahafar tíðniheimilda til að veita UMTS þjónustu hér á landi þann 1. september 2012 og aðilar tengdir þeim, er það niðurstaða PFS að tengja skuli saman hámark úthlutunar á tíðnisviðunum með þeim hætti sem sýndur er í eftirfarandi töflum 1 og 2. Með þeim úthlutunaraðferðum telur PFS að með bestum hætti sé tekið tillit til samkeppnis- og samfélagssjónarmiða sem stofnuninni ber að líta til við framkvæmd uppboðs þessa.

Aðilar sem eru réttahafar tíðniheimilda til að veita UMTS þjónustu.¹

Um aðila sem eru réttahafar tíðniheimilda til að veita UMTS þjónustu gildir eftirfarandi takmörkun á úthlutun tíðniheimilda á grundvelli uppboðsins. Tafla 1 miðast við boð í tíðniheimild A og tafla 2 miðast við boð í tíðniheimildir B-E.

Geta aðilar að hámarki, hljóti þeir tíðniheimild A, fengið útgefnar tíðniheimildir sem veita tímabundinn afnotarétt sem nema **samtals 2x25 MHz á báðum tíðnisviðum**, 800 MHz og 1800 MHz, sbr. töflu 1.

Hámark úthlutunar á 800 MHz og 1800 MHz m.v. tíðniheimild A (I)			
	800 MHz	1800 MHz	Samtals úthlutun
Skipting 1	2x10 (A) MHz	2x15 MHz (3*2x5)	2x25 MHz
Skipting 2	2x15 MHz (2x10 (A) + 2x5)	2x10 MHz (2*2x5)	2x25 MHz
Skipting 3	2x20 MHz (2x10 (A) + 2*2x5)	2x5 MHz	2x25 MHz

Tafla 1

Samkvæmt framangreindri töflu 1 getur heildar úthlutun á grundvelli uppboðsins á báðum tíðnisviðum samanlagt ekki orðið meiri en sem nemur 2x20 MHz. Getur slíkur aðili (UMTS réttahafi) sem á hæsta boð í og hlýtur einungis tíðniheimild A fengið úthlutað 2x15 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu. Þjóði hann í tíðniheimild A og einhverja eina af tíðniheimildum B-E (2x10 MHz + 2x5 MHz), getur hinn sami einungis hlotið tvær af tíðniheimildum F-J (2x10 MHz) á 1800 MHz tíðnisviðinu. Ef aðili býður í og hlýtur tíðniheimild A og einhverjar tvær af tíðniheimildum B-E (2x10 MHz + 2x10 MHz), getur hann einungis hlotið eina af tíðniheimildum F-J (2x5 MHz) á 1800 MHz tíðnisviðinu.

¹ Þeir aðilar sem falla undir útbreiðslukröfur I samkvæmt skilmálum uppboðsins.

Aðilar sem hljóta tvær eða fleiri af tíðniheimildum B-E geta að hámarki fengið útgefnar, á grundvelli uppboðsins, tíðniheimildir sem veita tímabundinn afnotarétt, **samtals 2x20 MHz á báðum tíðnisviðum**, 800 MHz og 1800 MHz, sbr. töflu 2.

Hámark úthlutunar á 800 MHz og 1800 MHz m.v. tíðniheimildir B-E (I)			
	800 MHz	1800 MHz	Samtals úthlutun
Skipting 1	0	2x15 MHz (3*2x5)	2x15 MHz
Skipting 2	2x5 MHz	2x15 MHz (3*2x5)	2x20 MHz
Skipting 3	2x10 MHz (2*2x5)	2x10 MHz (2*2x5)	2x20 MHz
Skipting 4	2x15 MHz (3*2x5)	2x5 MHz	2x20 MHz
Skipting 5	2x20 MHz (4*2x5)	0	2x20 MHz

Tafla 2

Samkvæmt framangreindri töflu 2 þá getur aðili sem á hæsta boð í eina af tíðniheimildum B-E (2x5 MHz) getur fengið úthlutað þremur af tíðniheimildum F-J (2x15 MHz) á 1800 MHz tíðnisviðinu. Aðili sem á hæsta boð í einhverjar tvær af tíðniheimildum B-E (2x10 MHz) getur fengið úthlutað tveimur af tíðniheimildum F-J (2x10 MHz) á 1800 MHz tíðnisviðinu. Aðili sem á hæsta boð í þrjár af tíðniheimildum B-E (2x15 MHz) getur fengið úthlutað einni af heimildum F-J (2x5 MHz) á 1800 MHz tíðnisviðinu. Aðili sem á hæsta boð í allar tíðniheimildir B-E (2x20 MHz) getur ekki hlotið úthlutun á 1800 MHz tíðnisviðinu.

Aðilar sem eru ekki rétthafar tíðniheimilda til að veita UMTS þjónustu.²

Hvað varðar aðila sem ekki hafa tíðniheimildir til að veita UMTS þjónustu hér á landi verður hámark úthlutunar bundið við 2x20 MHz og hvoru tíðnisviðinu fyrir sig og án takmarkana líkt og um getur í töflum 1 og 2 hér að framan. Getur slíkur aðili því hlotið samtals 2x40 MHz á grundvelli uppboðsins.

4.2 Stærð tíðniheimilda B-E

Ákvæði skilmála:

Í kafla 3.2.2 í drögum að skilmálum uppboðsins er fjallað um tíðniheimildir B-E. Hver tíðniheimild felur í sér rétt til nýtingar á 2x5 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu til 10 ára að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í skilmálum uppboðsins.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki B gerir athugasemdir við að tíðniheimildir B-E, þ.e. að 800 MHz tíðnisviðið skuli boðið upp í 2x5 MHz einingum. Slíkt telur fyrirtækið að dragi úr líkum til þess að tíðnisviðið verði nýtt með skynsamlegum hætti til ágóða fyrir neytendur. Þannig muni þeir fá verri þjónustu og tíðnisviðið í heild verr nýtt en ef veittar yrðu þrjár 2x10 MHz tíðniheimildir.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við stærð tíðniheimilda B-E.

² Þeir aðilar sem falla undir útbreiðslukröfur II samkvæmt skilmálum uppboðsins.

Viðbrögð PFS:

PFS telur að með þessari skiptingu tíðnisviðsins geti hver bjóðandi átt kost á að bjóða í þá stærð tíðnisviðsins er hann telur henta sínum markmiðum. Þá taldi stofnunin skýrt í ljósi niðurstöðu samráðs við hagsmunaaðila að eftirspurn eftir tíðnum á 800 MHz tíðnisviðinu væri meiri en framboð leyfði. Þá er einn megin tilgangur uppboðs að viðhafa opna og gagnsæja úthlutunaraðferð á tíðniheimildum m.t.t. markaðslegra sjónarmiða, þ.e. að sá sem verðmetur tíðniheimildina hæst skuli að jafnaði fá hana til afnota. Með því að skipta tíðnisviðinu upp með öðrum hætti, t.d. 2x10 MHz tíðniheimildir, taldi PFS að stofnunin myndi letja aðila til samkeppni um tíðniheimildir á tíðnisviðinu. Eins er ljóst, miðað við samsetningu fyrirtækja á farsímamarkaði í dag, að skipting tíðnisviðsins í þrjár 2x10 MHz tíðniheimildir myndi mögulega fela í sér hindrun fyrir innkomu nýrra aðila á markaðinn. PFS getur ekki búið svo um hnútanna að skilmálar uppboðsins feli mögulega í sér hindrun fyrir nýja aðila markaðinn. Telji bjóðendur það vera kost að fá úthlutað samliggjandi tíðnisviði mun það einfaldlega endurspeglast í boðum þeirra.

4.3 Gildistími tíðniheimilda á 800 MHz tíðnisviðinu

Ákvæði skilmála:

Drög að skilmálum uppboðsins kveða á um mislangan gildistíma tíðniheimilda. Tíðniheimild A hefur gildistíma til 25 ára frá útgáfudegi, sbr. kafla 3.2.1. Tíðniheimildir B-E hafa gildistíma til 10 ára frá útgáfudegi, sbr. kafla 3.2.2 í drögum að skilmálum uppboðs.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A gerir athugasemdir við mismunandi gildistíma tíðniheimilda á 800 MHz tíðnisviðinu og telur að sömu viðmið eigi að gilda um allar tíðniheimildirnar og að þær séu gefnar út til 10-15 ára.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemd við mismunandi gildistíma.

Viðbrögð PFS:

Tíðniheimildir sem PFS gefur út eru að jafnaði með gildistíma til 10-15 ára. Er þar skemmst að minnast að við endurúthlutun tíðna á 900 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum í febrúar 2012 var gildistími tíðniheimilda almennt 10 ár, með undantekningu fyrir hluta tíðniheimilda fyrir 900 MHz tíðnisviðið. Telur PFS það í fullu samræmi við fyrri úthlutanir að hafa 10 ára gildistíma á tíðniheimildum B-E. Hvað varðar tíðniheimild A að þá er PFS meðvitað um að þær útbreiðslu- og uppbyggingakröfur sem gerðar eru séu mjög íþyngjandi og nái allt til ársloka 2020. Skýtur skökku við að setja íþyngjandi kröfur til 8 ára á tíðniheimild sem hefur einungis gildistíma til 10 ára. Með því að veita A heimildina til 25 ára er PFS að koma til móts við hlutaðeigandi tíðniréttshafa, sem leggur út í umtalsverðan kostnað við uppbygginguna, að tryggja sér nýtingarrétt á til lengri tíma á ákjósanlegum stað í tíðnirófinu til þess að ná arði út úr fjárfestingunni.

Með tilliti til þessa þykir PFS ekki vera ástæða til þess að gera breytingar að því er varðar gildistíma tíðniheimildanna.

4.4 Heimildir á 1800 MHz tíðnisviðinu.

Ákvæði skilmála:

Tíðniheimildir F-J í drögum að skilmálum uppboðsins fela í sér heimild til notkunar á 2x5 MHz tíðnum hver á 1800 MHz tíðnisviðinu, sbr. kafla 3.3.1 í drögum að skilmálum, og gilda til 10 ára frá útgáfudegi tíðniheimildar.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að núverandi tíðnirétthafar á tíðnisviðinu skuli einungis geta fengið úthlutað 2x10 MHz í kjölfar uppboðsins. Sé slík takmörkun ekki til staðar er aðila á markaði m.a. veitt það tækifæri að fá samliggjandi 2x30 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu auk mögulegra 2x20 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu. Með sambærilegum rökum og fyrirtæki A setti fram varðandi 800 MHz tíðnisviðið mundi úthlutun á 1800 MHz í samræmi við drög að skilmálum skekkja samkeppnisstöðu aðila á markaðnum til langrar framtíðar. Telur fyrirtæki A að takmörkun á úthlutun tíðniheimilda til aðila sem nú hafa yfir að ráða tíðniheimildum til að veita UMTS þjónustu við 2x10 MHz vera réttláta og jákvæða fyrir markaðinn í heild sinni, til framdráttar hagkvæmum fjarskiptum og samkeppni á markaði.

Fyrirtæki B gerir athugasemd við misræmi í skilmálum uppboðs og fréttatilkynningu á vef PFS, dags. 29. október sl., er lýtur að hámarki úthlutaðra tíðniheimilda á 1800 MHz tíðnisviðinu. Óskar fyrirtækið skýrra svara um hvert sé hámark úthlutunar. Eins bendir félagið á að ef sama aðila, og aðilum tengdum honum, sé einungis heimilt að hafa yfir að ráð 2x15 MHz tíðnisviði sé slíkt ekki í samræmi við skilvirka nýtingu tíðnisviðsins þar sem LTE tæknin býður upp á 20 MHz bandbreidd.

Fyrirtæki C og D gera ekki athugasemdir við framangreint.

Viðbrögð PFS:

Á 1800 MHz eru laus til úthlutunar 2x25 MHz. Með því að takmarka að núverandi tíðnirétthafar heimilda á tíðnisviðinu til að veita UMTS þjónustu geti fengið meiru en sem nemur 2x10 MHz telur stofnunin að verið sé að draga úr samkeppni um þær tíðniheimildir sem í boði eru á tíðnisviðinu. Með þeim breytingum sem stofnunin gerir á hámarksúthlutun tíðniheimilda, og líst hefur verið í kafla 4.1 hér að framan, telur stofnunin að ekki þurfi að bregðast frekar við ábendingum í þessa veru. Hafi umræddar breytingar það í för með sér að samkeppnisleg- sem og samfélagsleg sjónarmið ná með sem bestum hætti fram að ganga. Þá er uppboð á tíðnum í grunninn talin sanngjörn leið, byggð á markaðslegum forsendum, til að greiða fyrir aðgangi nýrra aðila að fjarskiptamarkaði og mikilvægt að þeir eigi möguleika til þess að fá úthlutað nægjanlegu tíðnisviði til að geta veitt samkeppnihæfa þjónustu við önnur fyrirtæki á markaði. Gerir PFS því jafnframt breytingar á hámarksúthlutun til aðila sem ekki

eru réttthafar tíðniheimilda til að veita UMTS þjónustu hér á landi, sbr. fyrri umfjöllun í kafla 4.1.

4.5 Kostnaður tíðniheimilda

Ákvæði skilmála:

Í köflum 3.2.1, 3.2.2 og 3.3.1 í drögum að skilmálum uppboðsins er að finna þau fjárhæðir lágmarksboða í tíðniheimildir A-J. Er lágmarksboð í tíðniheimild A að fjárhæð 100.000.000,- kr., í tíðniheimildir B-E er lágmarksboð að fjárhæð 20.000.000,- kr. og í tíðniheimildir F-J er skal lágmarksboð vera að fjárhæð 5.000.000,- kr.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að kostanaður sé of hár fyrir tíðnir á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum. Það geti verið erfitt fyrir minni aðila að bjóða upp á fjórðu kynslóðar þjónustu ef kostnaður er eins mikill og fram kemur í skilmálum uppboðsins. Verið sé að bjóða stærri aðilum á markaði upp á þessar heimildir fram yfir aðra aðila.

Önnur fyrirtæki gera ekki beinar athugasemdir við kostnað (lágmarksboð) heldur lúta athugasemdirnar frekar að kostnaði við að uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur.

Viðbrögð PFS:

Fjárhæð lágmarksboða eru lögbundin, sbr. ákvæði fjarskiptalaga. Hvað varðar 800 MHz tíðnisviðið þá byggir það á ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum, sbr. lög 163/2011, um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum. Sambærilegt bráðabirgðaákvæði er í lögunum er varðar 1800 MHz tíðnisviðið sem þó rennur sitt skeið um áramótin nk. PFS lítur þó til þess ákvæðis við ákvörðun á lágmarksboði í 1800 MHz tíðnisviðið þó gjaldtökuheimildin byggir á 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. og 7. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003. Er stofnunin bundin af þeim lágmarksboðum sem löggjafinn hefur sett og hefur ekki heimildir til að víkja frá þeim.

4.5 Gagnrýni á skýrslu Mannvits.

Ákvæði skilmála:

Líkt og áður greinir leitaði PFS til verkfræðistofunnar Mannvits til að meta umfang og kostnað á mismunandi útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum svo stofnunin gæti með upplýstum hætti tekið ákvörðun um slíkar kröfur til samræmis við þau fororð sem finna má í heimildum innanríkisráðherra fyrir uppboðinu og í markmiðum þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A tekur undir margt í skýrslu Mannvits og þá sérstaklega hvað varðar mikinn kostnað við landsdekkandi uppbyggingu og rekstur farsímakerfa.

Fyrirtæki B gagnrýnir skýrsluna og telur hana illa fram setta og nánast útilokað að átta sig á forsendum þeirra niðurstaðna sem settar eru fram. Að mati fyrirtækis B er ekki hægt að byggja annað á skýrslunni en að niðurstöður hennar gefi sterkar vísbendingar um að uppbygging háhraðaþjónustu sé mjög kostnaðarsöm. Sökum þessa telur fyrirtækið að PFS verði að tryggja jafnræði og möguleika á aðgangi og samrekstri sem og að halda kostnaði sem lægstum fyrir fjarskiptafélögin en skilmálar uppboðsins etji fyrirtækjunum saman.

Fyrirtæki C gerir einnig athugasemdir við þætti í skýrslu Mannvits. Bendir fyrirtækið á að ekki er skýrt frá forsendum sem liggja til grundvallar útreikningum, eiginleika LTE tækninnar eða um samnýtingu kerfa. Þá áttar fyrirtækið sig ekki á tilgangi með kostnaðargreiningu skýrslunnar eða hvaða tengingu hún hefur við að tryggja útbreiðslukröfur PFS. Þá telur félagið að uppsetning skýrslunnar geti skapað ójafnvægi á komandi uppboði enda virðist sem miðað sé við dreifinet eins aðila á markaði.

Fyrirtæki D gerir ekki athugasemdir við skýrslu Mannvits.

Viðbrögð PFS:

PFS bendir á að skýrsla Mannvits var unnin út frá þeim grunni að reikna hver kostnaður væri miðað við ýrustu kröfur um útbreiðslu og uppbyggingu miðað við mismunandi hraða, þ.e. 2 Mb/s, 10 Mb/s og 30 Mb/s. Líkt og fram kemur í skýrslunni þá var útbúið líkan sem tekur mið af ákveðnum atriðum. Útbúnir voru meðalsendar sem fjöldi senda tekur mið af og er ljóst að á hverjum stað fyrir sig eru aðstæður misjafnar og því ekki hægt að heimfæra líkanið á einstaka staði. Jafnframt getur líkanið ekki tekið mið af núverandi uppbyggingu og högun farneta einstakra markaðsaðila og því geta þeir ekki notað skýrsluna beint til að framreikna sitt kerfi m.t.t. líkansins. Er því ljóst að reiknilíkan sem þetta gefur ekki kórrétta niðurstöðu heldur eins raunsæa mynd af þeim kostnaði, sem fylgir því að uppfylla kröfur um útbreiðslu og uppbyggingu, eins og hægt er.

4.6 Fjárhagslegt skilyrði um eigið fé aðila

Ákvæði skilmála:

Í drögum að skilmálum, sbr. kafla 2.1.1, er gerð krafa um á að eigið fé aðila, sem óskar þátttöku á 800 MHz eða 800 MHz og 1800 MHz uppboðinu, hafi ekki verið undir 300 milljónum í árslok 2011, skv. endurskoðuðum og árituðum ársreikningi af löggiltum endurskoðanda. Er varðar 1800 MHz uppboðinu er farið fram á að eigið fé aðila er óskar þátttöku, skv. endurskoðuðum og árituðum ársreikningi af löggiltum endurskoðanda, fyrir árið 2011 hafi ekki verið undir 75 milljónum í árslok 2011. Aftur á móti, til að hindra ekki þátttöku nýrra aðila og nýstofnaðra félaga, veitir PFS heimild til undanþágu frá framangreindu skilyrði ef hlutaðeigandi getur lagt fram bankafjárhæð fyrir sömu fjárhæðum og krafist er til þátttöku á hvoru tíðnisviðinu fyrir sig.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að skilyrði um eigið fé aðila sé of lágt fyrir þátttöku á 1800 MHz tíðnisviðinu enda sé ljóst að aðili sem ætlar sér uppbyggingu á þjónustu á tíðnisviðinu að vera

vel í stakk búinn, bæði fjárhagslega og tæknilega til að hefja slíka uppbyggingu og rekstur þjónustu.

Fyrirtæki B leggur til að ekki verði fullnægjandi að leggja einungis fram bankaábyrgð til að taka þátt í uppboðinu. Þá er lagt til að kafli 2.1.2 verði felldur brott.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við fjárhagsleg skilyrði aðila.

Viðbrögð PFS:

PFS telur að aðilar sem óska þátttöku á uppboðinu verði að geta sýnt fram á nægilega fjárhagslega burði til að geta nýtt þær fjarskiptatíðnir sem boðnar verða upp og uppfyllt viðeigandi uppbyggingarskilyrði. Hvað varðar mismunandi fjárhagslegar kröfur á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum vísar PFS til mismunandi verðmætis umræddra tíðna, sbr. ákvæði til bráðabirgða í fjarskiptalögum, auk þess sem gerðar eru kröfur um kostnaðarsama uppbyggingu á fyrrnefnda tíðnisviðinu. Þrátt fyrir að ekki séu gerðar kröfur um uppbyggingu á 1800 MHz tíðnisviðinu telur PFS nauðsynlegt að tryggja að tíðnirétthafar slíkra heimilda hafi burði til þess að geta nýtt tíðnina á skilvirkan hátt.

Með tilliti til athugasemda A, um of vægar kröfur til fjárhagslegs styrks, bendir PFS á að gerð er krafa um 50% hærri upphæð eigin fjár heldur en gert var í útboði tíðniheimilda á 1800 MHz tíðnisviðinu árið 2006. Krafa um fjárhagslegan styrk má hins vegar ekki verða til þess að útiloka með öllu möguleika á innkomu smærri aðila á markaðinn.

Að mati PFS gætir ákvæðins misskilnings meðal fyrirtækja A og B þess efnis að einungis væri nægjanlegt fyrir aðila sem óskar þátttöku á uppboðinu og uppfyllti ekki skilyrði um lágmarksfjárhæð eigin fjár í árslok 2011 að leggja fram 15 millj. kr. tryggingu til að fjárhagsskilyrðum skilmálanna væri náð. PFS áréttar að í kafla 2.1.2 skilmálanna er fjallað um bankaábyrgð til tryggingar á greiðslu sekta. Fjallar ákvæðið því ekki um lágmarks eigið fé aðila eða bankaábyrgð sem nemur þeirri kröfu. Um er að ræða tvær mismunandi kröfur og verða allir aðilar sem óska þátttöku, hvort sem þeir hafa tilgreint eigið fé í árslok 2011 eða ekki, að leggja fram bankaábyrgð að fjárhæð 15 millj. kr. Ef aðili getur ekki uppfyllt kröfur um upphæð eignfjár í árslok 2011 getur hann lagt fram bankaábyrgð, að hluta eða öllu leyti, fyrir þeirri upphæð sem upp á vantar. Í tilviki fyrirhugaðrar þátttöku til að bjóða í 800 MHz tíðniheimild er ljóst að slík bankaábyrgð gæti numið allt 300 milljónum króna.

Í kafla 2.1.2 skilmálanna er fjallað um bankaábyrgð til tryggingar á greiðslu sekta vegna brota á skilmálunum sem PFS getur gengið að og byggir ákvæðið á 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti. Er ákvæði skilmálanna sett með það fyrir augum að koma í veg fyrir að bjóðendur í uppboðinu leitist við að koma í veg fyrir að uppboðið nái fram að ganga með eðlilegum hætti.

4.7 Skilyrði um tæknilega getu.

Ákvæði skilmála:

PFS setur ákveðin lágmarksskilyrði um tæknilega getu fyrir þátttöku aðila í uppboði þessu, sbr. kafli 2.2 í drögum að skilmálum uppboðs. Er það gert til að tryggja að nægileg þekking og geta sé til staðar til að nýta þær tíðnir sem boðnar verða upp. Kemur þar m.a. fram að stofnunin mun við mat sitt á tæknilegri getu aðila muni m.a. líta til starfsreynslu og menntunar lykilstarfsmanna viðkomandi sem og undirverktaka, ef við á. Þá mun PFS líta til annarra málefna legra sjónarmiða.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A óskar eftir að PFS gefi skýrari mynd af því til hvers stofnunin lítur þegar „önnur málefnaleg sjónarmið“ í kafla 2.2 eru metin.

Fyrirtæki B-D gera ekki athugasemdir við skilyrði um tæknilega getu aðila.

Viðbrögð PFS:

Þegar stjórnvald tekur íþyngjandi ákvörðun, eins og gæti átt við þegar talið er að aðili uppfylli ekki kröfur um tæknilega getu, byggir stjórnvaldið niðurstöðu sína á forsendum sem hafa tengsl við þau skilyrði sem á reynir. Hér getur t.d. verið um það að ræða að lagt sé mat á starfsreynslu aðila, menntun fyrirsvarsmanna, fyrri aðkoma að sambærilegum verkefnum o.s.frv. Með því að vísa í önnur málefnaleg sjónarmið sem geta komið til skoðunar er ekki verið að búa til sjálfstætt hæfisskilyrði, heldur er um að ræða önnur þau atriði, sem ekki eru sérstaklega tekin fram, sem eðlilega geta komið til skoðunar þegar lagt er mat á tæknilega getu aðila sem óskar eftir þátttöku. Með öðrum orðum þykir ekki vera nauðsynlegt að telja þessi atriði upp með tæmandi hætti í skilmálanum. Samkvæmt framansögðu þykir ekki vera ástæða til að bregðast við vegna umræddrar athugasemdar.

4.8 Þátttökugjald

Ákvæði skilmála:

Aðili sem óskar þátttöku í uppboðinu skal greiða ákveðið gjald að fjárhæð kr. 1.500.000,- og er gjaldið er hluti af þátttökugjaldi sem tekur mið af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðsins, sbr. kafli 4.2.2 í drögum að skilmálum uppboðsins. Samkvæmt drögunum er ekki um endanlega fjárhæð að ræða enda getur það breyst til hækkunar eða lækkunar með tilliti til fjölda þátttakenda í uppboði. Vanti upp á greiðslu kostnaðar við uppboðið, þrátt fyrir innheimtu þátttökugjalds, verður viðbótarhlutur hvers og eins innheimtur að loknu uppboði

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur þörf að setja ákveðið hámark á mögulegan kostnað hvers fjarskiptafyrirtækis. PFS verði að bera þungan af því ef markaðurinn stendur ekki undir því að vera með uppboð á tíðniheimildum. Ekki sé hægt að velta slíkri stefnubreytingu á útgáfu tíðniheimilda á félögin sem þurfa á tíðnum að halda.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemd við fjárhæð þátttökugjalds eða innheimtu þess.

Viðbrögð PFS:

Umrædd gjaldtökuheimild byggir á 7. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga en þar segir að í skilmálum uppboðs sé m.a. heimilt að mæla fyrir um þátttökugjald sem standa skal straum af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðs. Sú leið sem mælt er fyrir í skilmálum uppboðsins er til þess fallin að uppfylla þau skilyrði sem gjaldtökuheimilir almennt þurfa að uppfylla, þ.e. að ekki sé innheimt nema fyrir útlögðum kostnaði. Af þeim sökum verður að kveða á um mögulega endurgreiðslu á þátttökugjaldi ef fjöldi aðila sem óskar eftir þátttöku er meiri en sá sem þarf til að greiða þann kostnað sem stafar af undirbúningi og framkvæmd uppboðsins, annað væri stofnuninni óheimilt. Eins telur PFS að eðlilegt sé að áskilja sér rétt til að innheimta það sem eftir kann að standa af kostnaði séu aðilar sem óska þátttöku of fáir. Stofnunin áréttar þó að sá kostnaður sem stofnunin miðar við og þátttökugjaldi ber að standa straum af er einungis hluti beins útlagðs kostnaðar. Er til að mynda ekki tekið með í reikninginn vinna starfsmanna stofnunarinnar eða annar kostnaður sem til hefur fallið.

4.9 Útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildar A.

Ákvæði skilmála:

Í kafla 3.2.1.1 í drögum að skilmálum uppboðs er fjallað um útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildar A. Þar segir að sá tíðnirétthafi sem hlýtur tíðniheimildina skuldbindi sig til að tryggja að 99,5%, lögheimila og vinnustaða, hvers landssvæðis standi til boða háhraðafarnetsþjónusta með þeim gagnaflutningshraða sem PFS skilgreinir og fram kemur í töflu 2 í kaflanum. Kröfurnar fela í sér að tíðnirétthafi, sem fellur undir útbreiðslukröfur I, tryggir að 99,5% lögheimila og vinnustaða hvers landssvæðis standi til boða, 2 Mb/s gagnaflutningshraði, fyrir 31. desember 2014. Sama hlutfalli lögheimila og vinnustaða hvers landssvæðis skal standa til boða 10 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2016 og 30 Mb/s fyrir 31. desember 2020.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að útbreiðslukröfur tíðniheimildar A séu of miklar og gangi mun lengra en eðlilegt meggi teljast. Öðrum fyrirtækjum en Símanum sé gert ómögulegt að sækja um umrætt tíðnisvið. Ekki séu markaðslegar forsendur fyrir kvöð sem þessari og því þurfi að ígrunda hana vel. Þá telur fyrirtækið að ekkert fjarskiptafyrirtæki muni sækjast eftir tíðni með þessum kröfum án þess að ríkisstyrkur komi til.

Þá óskar fyrirtækið eftir svari hvort krafist sé 99,5% útbreiðslu eftir landssvæði eða á landsvísu. Eins telur fyrirtækið að skýrar þurfi að koma fram hvort um sé að ræða vinnustaði með heilsársstarfsemi eða alla vinnustaði og óskar eftir að PFS leggi fram lista þess efnis.

Þá spyr fyrirtækið hvort að heimilt sé að uppfylla kröfur tíðniheimildarinnar með UMTS þjónustu eða hvort eingöngu meggi notast við LTE þjónustu. Enn fremur telur fyrirtækið að skýra þurfi betur kröfur varðandi skuldbindinu lögheimila m.v. sex mánaða bindisamning, sbr. kafla 3.2.1.1 í skilmálum uppboðsins.

Fyrirtæki B telur að krafa sömu útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur sem settar eru í B-E tíðniheimildum skuli einnig gildi fyrir tíðniheimild A. Telur fyrirtækið að fjarskiptasjóður og eftir atvikum markaðsaðstæður og samnýting dreifikerfa gera mögulegt að byggja upp þjónustu til allra landsmanna. Þá bendir fyrirtækið á hvort PFS ætti að skoða þann möguleika að tengja uppbyggingar- og útbreiðslukröfur við tímaáætlun, þ.e. hlutfallstala eykst með tíma.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildar A.

Viðbrögð PFS:

Líkt og að framan segir ber stofnuninni að horfa til samfélagslegra sjónarmiða við úthlutun tíðniheimilda á fyrirhuguðu uppboði, sbr. áðurnefndar heimildir innanríkisráðherra. Vísar stofnunin til fyrri umfjöllunar í 2. kafla hér að framan um helstu markmið stofnunarinnar framar í skjali þessu. Útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildarinnar sæta töluverðri gagnrýni af hálfu tveggja umsagnaraðila og telja þeir tíðniheimildina í raun mótaða fyrir ákveðinn aðila á markaði, sbr. einnig kafla 4.1 hér að framan. PFS tekur gagnrýni sem þessari alvarlega og hefur farið yfir skilmála uppboðsins á ný og endurmetið hvort of stórt skref sé tekið í umræddum útbreiðslukröfum. Hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að gera breytingar á ákvæðum skilmála uppboðsins með þeim hætti að dregið verður úr kröfum um útbreiðslu og uppbyggingu í fyrsta áfanga uppbyggingarinnar, sbr. tafla 3.

Útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildar A			
Landsvæði	2014 - 2 Mb/s	2016 - 10 Mb/s	2020 - 30 Mb/s
Höfuðborgarsvæðið	98,0% / I	99,5% / I og II	99,5% / I og II
Austurland	98,0% / I	99,5% / I og II	99,5% / I og II
Norðausturland	98,0% / I	99,5% / I og II	99,5% / I og II
Norðvesturland	98,0% / I	99,5% / I og II	99,5% / I og II
Suðurland	98,0% / I	99,5% / I og II	99,5% / I og II
Vesturland	98,0%/I	99,5% / I og II	99,5% / I og II
Vestfirðir	98,0% / I	99,5% / I og II	99,5% / I og II

Tafla 3

Samkvæmt framangreindri töflu skulu aðilar sem falla undir útbreiðslukröfur I tryggja að 98,0% lögheimila og vinnustaða hvers landssvæðis standi til boða, 2 Mb/s gagnaflutningshraði, fyrir 31. desember 2014. Þá skulu aðilar, hvort sem þeir falla undir útbreiðslukröfur I eða II, tryggja að 99,5% lögheimila og vinnustaða hvers landsvæðis standi til boða 10 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2016 og að sama hlutfall lögheimila og vinnustaða hvers landsvæðis standi til boða 30 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2020.

Með því að lækka kröfu um útbreiðslu og uppbyggingu fyrir árslok 2014, sem og breytingar á hámarki úthlutaðra heimilda, telur PFS að komið sé til móts við þær gagnrýnisraddir sem settar voru fram um tíðniheimild A. Með þessum móti telur PFS að stofnunin hafi reynt eftir

fremsta megni að jafna þann aðstöðumun sem markaðsaðilar telja að sé til staðar og leitast við að tryggja að fyrirtæki á markaði, sem og nýir aðilar, séu eins sambærilegri stöðu við að bjóða í og hljóta tíðniheimild A.

Þá áréttar PFS að ákveðin fríðindi og ívilnanir fylgja tíðniheimild A til mótvægis við þær skuldbindingar sem henni fylgja. Má þar fyrst nefna langan gildistíma heimildarinnar til 25 ára. Slík tímalengd minnkar áhættu á gjaldtöku fyrir umrætt tíðnisvið sem og að fjárfesting uppbyggingarinnar getur á þeim tíma frekar skilað sér til baka.

Þá mun PFS veita afslátt, sem getur numið 30% af, því verði sem næst fyrir tíðniheimildina. Er um þó nokkra fjárhæð að ræða í hlutfalli við þann kostnað sem tíðniréttthafi þarf að leggja út fyrir til að stækka dreifinet sitt og uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur.

PFS hefur enn fremur gert breytingar á skilmálum uppboðsins sem veitir þeim aðila er hlýtur tíðniheimild A heimild til að öðlast frekari tíðniréttindi á 1800 MHz tíðnisviðinu umfram þá aðila sem bjóða í tíðniheimildir B-E.

Eins verður að telja að staðsetning tíðniheimildar A sé mjög verðmæt, bæði í ljósi langs gildistíma hennar, og þess að hún er samliggjandi við 700 MHz tíðnibandið sem ætla má að verði úthlutað í framtíðinni fyrir farnet.

Að öllu framansögðu er það mat PFS að fyrir metnaðarfullan netrekanda sem hyggst starfa á íslenskum fjarskiptamarkaði til næstu framtíðar að tíðniheimild A, þrátt fyrir útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimildarinnar, sé mjög svo vænlegur kostur.

PFS áréttar skuldbinding tíðniréttthafa tíðniheimildar A nær til vinnustaða með heilsárs starfsemi. eru þar með undanskyldir vinnustaðir sem einungis starfa yfir sumarið eða aðra hluta ársins. Þá áréttar stofnunin að aðilum er heimilt að veita þjónustu sína hvort sem er með UMTS tækni eða LTE tækni svo lengi sem gæðakröfum skilmála uppboðsins og útgefinnar tíðniheimildar sé náð.

4.10 Skipting tíðniheimilda eftir landssvæðum

Ákvæði skilmála:

Í drögum að skilmálum er gert ráð fyrir í tíðniheimildum A-E að uppbygging á þjónustu eigi sér stað á landsvísu. Er gerð krafa í tíðniheimild A um að 99,5% lögheimila og vinnustaða með heilsársstarfsemi skuli eigi kost á háhraðafarnetsþjónustu með tilteknum hraða á mismunandi tímamörkum. Í tíðniheimildum B-E er gerð krafa um að 93,5% lögheimila og vinnustaða fái notið háhraðafarnetsþjónustu. Ekki eru gerðar slíkar útbreiðslu- eða uppbyggingarkröfur á 1800 MHz tíðnisviðinu.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að bjóða ætti upp tíðniheimildir eftir föstum landssvæðum eða sveitarfélögum svo sem mest samkeppni geti orðið enda sé áhugi fyrir hendi hjá minni netþjónustuaðilum fyrir þessum tíðniheimildum.

Fyrirtæki B veltir einnig upp hvort rétt hugtök séu notið þegar kemur að útbreiðslukröfum skilmála tíðniheimilda. Mikill munur sé á hvort krafist sé 99,5% útbreiðslu á landsvísu og 99,5% útbreiðslu í hverjum landshluta.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við framangreint.

Viðbrögð PFS:

Sökum langdrægni 800 MHz tíðnisviðsins hentar það einkar vel til að byggja upp háhraðafarnetsþjónustu á landsvísu. Með tilliti til þeirra samfélagslegu sjónarmiða sem stofnuninni ber að taka mið af er það mat stofnunarinnar að útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur þessa tíðnisviðs skuli vera á landsvísu. Með þeim hætti telur stofnunin jafnframt að þetta verðmæta tíðnisvið sé nýtt með sem skilvirkustum hætti í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga.

Þá telur PFS rétt að útbreiðslukrafa tíðniheimildar A nái til alls landsins samkvæmt tiltekinni landshlutaskiptingu þannig að tryggt sé ákveðið jafnræði milli landshluta. Með því er reynt að forðast að þau prósent útbreiðslu, sem upp á vantar til að ná allsherjarútbreiðslu, lendi ekki meira eða minna á strjálbýlum svæðum eins landshluta umfram aðra. Með vísan til athugasemda fyrirtækis B skal tekið fram að landssvæðaskipting gildir ekki fyrir útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimilda B-E.

Hvað varðar 1800 MHz tíðnisviðið þá geta allir aðilar, sem uppfylla þátttökuskilyrði, boðið í tíðniheimildir F-J og nýtt þær tíðniheimildir með þeim hætti sem þeir telja nýtast við að ná markmiðum sínum um þjónustu og uppbyggingu. Telur PFS að með þessu komi stofnunin á móts við minni aðila til að byggja upp staðbundnari þjónustu háhraðafarnets. Telur stofnunin því ekki forsendur til að breyta uppbyggingarkröfum skilmála uppboðsins.

4.11 Tímasett áætlun um uppbyggingu

Ákvæði skilmála:

Í köflum 3.2.1.2 og 3.2.2.2 í drögum að skilmálum uppboðs er gerð krafa um að tíðnirétthafi heimildar á 800 MHz tíðnisviðinu skili til PFS áætlun fyrir 1. apríl 2013 um það hvernig hann hyggist uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur tíðniheimilda A-E.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að of knappur tími sé gefinn fyrir aðila að koma með vel útfærða áætlun um uppbyggingu samkvæmt tíðniheimildum. Þá spyr fyrirtæki A hvernig PFS hyggist bregðast við ef áætlunin er ekki áreiðnaleg á umræddum tímapunkti.

Fyrirtæki B tekur undir með fyrirtæki A og telur að of skammur tími sé veittur til að skila inn tímasettri áætlun um uppbyggingu. Telur fyrirtækið mikilvægt að PFS endurskoði þær kröfur sem að áætlunin þar að uppfylla með það að leiðarljósi að minnka umfang og kostnað við gerð áætlunarinnar.

Fyrirtæki C og D gera ekki athugasemdir við þetta atriði skilmála uppboðsins.

Viðbrögð PFS:

Umrædd krafa um tímaáætlun er sett fram svo PFS geti séð með nokkurri vissu hvernig tíðnirétthafi hyggst uppfylla þær útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur samkvæmt hlutaðeigandi tíðniheimildum. PFS getur þó fallist á athugasemdir umsagnaraðila og gerir breytingu á ákvæðum skilmála uppboðsins með þeim hætti að tíðnirétthafar skuli fyrir 1. maí 2013 skila til PFS áætlun um hvernig hann hyggst byggja upp útbreiðslu fyrir árið 2013. Fyrir 1. febrúar 2014 skal tíðnirétthafi svo skila til PFS tímasettri áætlun um það hvernig hann hyggst uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur fyrir árslok 2014 með nákvæmri hætti eins og nánar er líst í skilmálum uppboðs. Eins ber tíðnirétthafa að upplýsa PFS með sambærilegum hætti um útbreiðslukröfu sem ná skal 31. desember 2016. Þá ber að skila áætlun til PFS hvernig staðið verði að aukningu hraða árslok 2020.

4.12 Vanefndir við að uppfylla útbreiðslukröfur.

Ákvæði skilmála:

Í skilmálunum er kveðið á um heimild PFS til að leggja á dagsektir á fyrirtæki sem ekki uppfylla kröfur hlutaðeigandi tíðniheimilda um útbreiðslu og uppbyggingu, sbr. 3.2.1.4 kafla í drögum að skilmálum uppboðs, sbr. einnig 12. gr. laga, nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A bendir á að samkvæmt 3.2.1.4 kafla skilmálanna þarf tíðnirétthafi A tíðniheimildar einungis að uppfylla 99,1% útbreiðslu til að komast hjá dagsektum. Veltir fyrirtækið því upp hvort ákvæðið sé fullnægjandi til að tryggja kröfur um tíðniheimildarinnar.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við umrætt ákvæði skilmálanna.

Viðbrögð PFS:

Heimild sem þessi er nauðsynleg að mati PFS svo tryggt sé með sem bestum hætti að tíðnirétthafi uppfylli umræddar skyldur sem hann hefur undirgengist með boði í tíðniheimild. PFS getur þó tekið undir með afstöðu með fyrirtæki A og leggur til breytingar á ákvæðinu þess efnis að stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á dags sektir fyrir hver heil 0,3% sem upp á vantar til að uppfylla kröfu um aukningu útbreiðslu í 98,0% fyrir árslok 2014, sbr. útbreiðslukröfur I eða 99,5% fyrir 31. desember 2016, sbr. útbreiðslukröfur I og II, að fjárhæð 100.000,- kr. þar til útbreiðslukröfu er náð. Fjárhæð dagsekta getur þá áfram lækkað eftir því sem útbreiðsla eykst um hver heil 0,3%.

4.13 Afsláttur af tíðniheimild A

Ákvæði skilmála:

Í kafla 3.2.1.3 í drögum að skilmálum uppboðs er kveðið á um að PFS muni veita afslátt af verði tíðniheimildar A. Kemur fram í kaflanum að afslátturinn miðast við áætlaðan kostnað við að uppfylla kröfur um tiltekin þjónustugæði eða til að ná fram ákveðinni útbreiðslu

þjónustu eða uppbyggingu á fjarskiptaneti, að viðbættu hæfilegu álagi eftir því sem framkvæmdin telst vera óarðbær, en þó að hámarki 50% af áætluðum kostnaði. Afsláttur getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur 30% af uppboðsverði tíðniheimildar. Verður skýrsla Mannvits lögð til grundvallar við útreikning afsláttar.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að afsláttarfyrirkomulag eigi ekki við og því fylgi aukið flækjustig. Þá telur fyrirtæki að PFS sé að blanda saman verkefnum stofnunarinnar og fjarskiptasjóðs með umræddu afsláttarfyrirkomulagi.

Fyrirtæki B setur fram þau sjónarmið að ekkert sé í hendi með að PFS veiti umræddan afslátt. Þá telur fyrirtækið að hann hvetji félög ekki til þátttöku

Fyrirtæki C og D gera ekki athugasemdir við fyrirhugaðan afslátt PFS af uppboðsverði tíðniheimildar A.

Viðbrögð PFS:

PFS hefur, á grundvelli 7. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga og 28. gr., reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum, heimild til að ákveða að tiltekinn afsláttur komi til frádráttar á verði sem fengist hefur á uppboði ef að settar eru sérstakar kvaðir um útbreiðslu og uppbyggingu. PFS telur rétt að nýta sér þessa heimild stofnunarinnar í tilfelli tíðniheimildar A enda ljóst að kostnaður við þær kröfur sem heimildinni fylgja er umtalsverður.

PFS getur ekki fallist á framangreind sjónarmið umsagnaraðila. Hvað varðar óvissu um hvort að stofnunin hyggist nýta sér umrædda heimild til afsláttar þá segir í skilmálum uppboðsins að stofnunin *muni* veita slíkan afslátt af verði tíðniheimildar A. Í þessu felst yfirlýsing um skuldbindingu af hálfu stofnunarinnar sem engin málefnaleg ástæða er fyrir markaðsaðila að draga í efa.

Afslátturinn tekur mið af því verði sem fæst fyrir tíðniheimildina og getur aldrei orðið meira en sem nemur 30% af því verði. Þá áréttar PFS að heimild til afsláttar er ekki með nokkrum hætti tengt fjarskiptasjóði eða verkefnum hans. Ljóst er að fjarskiptalög og reglugerðir heimila PFS að setja útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur í tíðniheimildir fjarskiptatíðna. Þá vísar stofnunin enn fremur til samþykkis ráðherra fyrir uppboðinu sem veitt er á þeim forsendum að tekið skuli mið af samfélagslegum sjónarmiðum við úthlutun tíðniréttindanna.

4.14 Gæðaviðmið þjónustu

Ákvæði skilmála:

Í kafla 3.2.5 í drögum að skilmálum uppboðs er fjallað um þau gæðaviðmið sem sett eru fyrir háhraðafarnetsþjónustu. Eru sett fram ákveðin lágmarksgildi fyrir móttökustyrk í dreifbýli og þéttbýli annars vegar fyrir UMTS þjónustu og hins vegar LTE þjónustu, sbr. kafla

3.2.5.2, með ákveðnum undanþágum fyrir notendur í strjálbýli, sbr. kafla 3.2.5.3. Þá eru einnig sett fram gæðaviðmið og kröfur um gagnaflutningshraða, sbr. tafla 6 í kafla 3.2.5.4.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að endurskoða og/eða skilgreina þurfi betur gildi fyrir móttökustyrk LTE. Leggur það til að fyrir útbreiðslu LTE í þéttbýli skuli sviðstyrkur vera jafn eða meiri en -95 dBm í stað -75dBm og fyrir útbreiðslu LTE í dreifbýli skuli sviðstyrkur vera jafn eða meiri en -110 dBm í stað -79 dBm. Þá telur fyrirtækið að skilgreina þurfi betur hvernig mæla eigi þessi gildi en í tillögum þeirra er miðað við RSRP.

Fyrirtækið bendir á að viðmiðin sem sett eru fram í töflu 6 í skilmálum uppboðsins séu mjög krefjandi. Taka varði tillit til þess að um farsímaþjónustu er að ræða en ekki fastlínubjónustu. Þá telur fyrirtækið rétt að skýrt skilgreind viðmið fyrir töf og flökt sem og hvar í kerfinu og hvernig beri að mæla.

Fyrirtæki B telur að 2 Mb/s gagnaflutningshraði sé of lágur er um LTE þjónustu er að ræða og telur að endurmeta verði þann hraða til að tæknin njóti sín sem best. Að örðu leiti telur fyrirtækið að orðalag kaflans sé of almennt orðað og huglægt hvort verið sé að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram.

Óskar fyrirtækið eftir að frá frekari skilgreiningu á 3. mgr. 3.2.5.1 er fjallar um lágmarks kröfur um gæði þjónustu.

Eins óskar fyrirtækið eftir því að skýrt verði betur hvaða mælingar stofnunin muni fara fram á við mælingar á móttökustyrk og hvernig staðið verði að þeim.

Fyrirtæki B telur að setja skuli fram gæðaviðmið til þjónustu fyrirfram en ekki til bráðabirgða. Slíkt tryggi ákveðið öryggi fyrir bjóðendur í uppboðinu. Þá telur fyrirtækið mjög óljóst hvaða hraða er átt við í töflu 6 sem og það óskar eftir að fá reglur Norðmanna sem skilmálar uppboðsins vísa til.

Fyrirtæki C telur undarlegt af hverju sett eru fram mismunandi skilyrði, mælt í dBm, sé sett fram fyrir UMTS tækni og LTE tækni og telur að þau eigi að vera þau sömu og miða beri við þau sem sett eru fram við UMTS tækni.

Fyrirtæki D gerir ekki athugasemdir við gæðaviðmið þjónustunnar sem PFS setur fram.

Viðbrögð PFS:

PFS fellst á athugasemdir um að viðmið um móttökustyrk sé of strangt. Ef notað er RSRP (Reference Signal Received Power) við mælingar þá skal miðað við að móttökustyrkur vegna útbreiðslu LTE í þéttbýli skuli vera jafn eða meiri en -85 dBm og fyrir útbreiðslu LTE í dreifbýli skuli móttökustyrkur vera jafn eða meiri en -100 dBm, sambærilegt við kröfur fyrir UMTS þjónustu.

Varðandi athugasemdir fyrirtækis B um að 2 Mb/s sé of lágur hraði fyrir LTE er rétt að benda á að aðeins er um lágmarks viðmið að ræða og að ekkert kemur í veg fyrir að boðið sé upp á meiri hraða. Þetta á einnig við önnur lágmarks viðmið sem sett eru fram í skilmálunum.

Varðandi frekari skilgreiningu á 3. mgr. 3.2.5.1, viðmið fyrir seinkun (e. Latency) skal vera <50 ms og viðmið fyrir breytilegan svartíma (e. Jitter) skal vera < 50 ms, til lengdar og eigi síðar en 31. desember 2016.

Varðandi mælingar á móttökustyrk (fyrirtæki B og C) er vísað til svars við athugasemd fyrirtækis A hér að ofan.

4.15 Truflanir

Ákvæði skilmála:

Í drögum að skilmálum uppboðs kemur fram að tíðniréttihöfum er óheimilt að orsaka truflanir á útsendingu sjónvarps á tíðnisviðinu 470 – 790 MHz á svæðum með fasta búsetu, sbr. kafli 3.2.5.5 í drögunum. Er í kaflanum frekar lýst hvað telst truflun og hvernig styrkur merkis skuli mældur. Er enn fremur kveðið á um samvinnu tíðniréttihafa við að koma í veg fyrir truflanir sem og bregðast við þeim komi þær upp.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að krafa PFS um að leyfishafi skuli fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr innri og ytri truflana vanda sem hýst af fjarskiptanetinu þurfi að skýra betur en fram til þessa hafa fyrirtæki geta treyst á þriðja aðila til úrbóta. Þá túlkar fyrirtækið kafla um bann við truflunum á sjónvarpsútsendingu með þeim hætti að hann eigi við frá og með uppsetningu á umræddum sendi en ekki ef að síðar eru settir upp sendar til sjónvarpsútsendinga.

Önnur fyrirtæki gera ekki athugasemdir við þetta ákvæði skilmálanna.

Viðbrögð PFS:

Túlkun fyrirtækis A um að bann við truflunum á sjónvarpsútsendingu með þeim hætti að hann eigi við frá og með uppsetningu á umræddum sendi er rétt enda hefur sú afstaða PFS verið skýr í sams konar tilvikum, t.d. þegar komið hafa fram truflanir frá sendum á sama sendistað, í því tilviki hefur reglan verið sú að sá víkur sem síðar kemur og sannarlega orsakar truflunina.

4.16 Samnýting tíðnisviða og samstarf aðila.

Ákvæði skilmála:

PFS telur rétt að heimila aðilum að hafa samstarf við að ná útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum samkvæmt skilmálum hlutaðeigandi tíðniheimildar og stuðla þannig að uppbyggingu dreifikerfa með sem hagkvæmustum hætti, sbr. kafla 3.4.2 í drögum að skilmálum. Slíkt samstarf skal þó, skv. drögunum, einungis ná til fjarskiptavirkja og

fjarskiptaneta en ekki til samnýtingar tíðna eða annars konar samstarfs um tíðnir sem aðilar kunna að hafa nýtingarrétt að.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A setur fram þá spurningu hvort að samstarf um ákveðna þætti uppbyggingar en ekki um tíðnir til þess feli í sér að aðilar megi uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur með reiki?

Þá spyr fyrirtækið hvort að í skilmálarnir feli það í sér að nógildandi tíðniheimildir tíðnirétthafa verði gerðar tæknilega hlutlausar?

Fyrirtæki B telur orðalag skilmálanna er varðar samstarf um tíðnir afar óljóst. Bendir fyrirtækið á að tækniframfarir síðustu ára hafa mikið til gengið út á að einfalda búnað og gera hann hæfari til samreksturs og geti fleiri en einn netrekandi nýtt búnaðinn og þær tíðnir sem búnaðurinn vinnur með. Samnýting tíðna spili afar stórt hlutverk þegar reynt er að reka net með sem hagkvæmustum hætti. Ný tækni, MOCN tækni, er mun hagkvæmari en núverandi tækni og þar sameinist fleiri en einn netrekandi um sameiginlegt dreifikerfi, ekki einungis vélbúnað heldur einnig tíðnir.

Fyrirtæki C telur að besta nýting tíðnisviða felist í samnýtingu tíðna með svokölluðum MOCN möguleika. Þannig geti fjarskiptafyrirtæki sparað sér miklar fjárfestingar í sendibúnaði, neytendum til hagsbóta. Óskar fyrirtækið eftir að PFS endurskoði umrætt ákvæði skilmála og leyfi samnýtingu tíðna milli fjarskiptafyrirtækja.

Viðbrögð PFS:

Hvað varðar spurningar fyrirtækis A þá felur ákvæði skilmálanna það í sér að þeir aðilar sem hljóða tíðniheimildir á grundvelli þessa uppboðs geta nýtt nógildandi tíðniheimildir sínar til að uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur enda veiti sú tíðniheimild heimild til að veita sömu þjónustu, svo sem UMTS þjónustu, að þá getur PFS fallist á að nokkurrar ónákvæmni gæti hjá stofnuninni í umræddri framsetningu. Ekki stendur til að opna 900 MHz tíðnisviðið fyrir LTE eða 4G án allra takmarkana, að svo stöddu. Helgast sú ákvörðun af þeirri viðleitni stofnunarinnar að jafna samkeppnistöðu aðila varðandi það að hefja 4G þjónustu, en Síminn og Vodafone hafa til bráðabirgða fengið með meiri aðgang að 900 MHz tíðnisviðinu í þeim tilgangi að auðvelda yfirfærslu á notendum úr GSM yfir í UMTS. Ekki þykir fært að þessi tvö fyrirtæki geti nýtt sér þá tímabundnu 2x5 MHz tíðniheimild til 5 ára í að byggja upp 4G þjónustu í samkeppni við Nova sem hefur mun minni aðgang að því tíðnisviði, eins og sakir standa. Af þessum sökum verður ekki heimilað að Síminn og Vodafone nýti 2x5 MHz tíðniheimildir sínar með 5 ára gildistíma til uppbyggingar á LTE eða 4G. Aðrar tíðniheimildir tíðnirétthafanna þriggja á 900 MHz verða í kjölfar uppboðsins opnaðar fyrir LTE eða 4G, svo og heimildir á 1800 og 2100 MHz tíðnisviðunum.

Hvað varðar möguleika til samstarfs og samnýtingar að þá skal það sérstaklega tekið fram að skilmálarnir fela ekki í sér að uppfylla megi útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur með reikisamningum. Þegar horft er til hugsanlegra tækniframfara sem leiða til hagkvæmni í

sameiginlegum rekstri kerfa og jafnvel samnýtingu á tíðnum að þá telur PFS eðlilegt að reyna að koma til móts við hugsanlegar óskir aðila um samvinnu, enda er það eitt af hlutverkum stofnunarinnar að stuðla að hagnýtri notkun tíðna og hvetja til þróunar fjarskiptaneta og gagnvirkri þjónustu, sbr. ákvæði 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Aftur á móti telur PFS rétt að slík samnýting skuli ávallt háð samþykki stofnunarinnar og gerir stofnunin breytingar á skilmálum uppboðsins þess efnis. Tekið skal fram að hugsanleg samnýting á tíðnum kann að leiða til þess að svigrúm skapist til nýtingar annarra aðila á hluta tíðnisviðs hlutaðeigandi aðila.

4.17 Upplýsingar um boð og bjóðendur

Ákvæði skilmála:

Fram kemur í uppboðsskilmálum, sbr. kafli 5.3.2, að PFS hyggist veita bjóðendum uppboðs upplýsingar milli uppboðsumferða, svo sem hvert sé hæsta boð í heimild, hvort viðkomandi bjóðandi eigi hæsta boð og hvort að um niðurtalningarumferð sé að ræða. Telur PFS þetta nauðsynlegt til að fyrirbyggja óvissu meðal bjóðenda.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A telur að uppboðsskilmálarnir leiði af sér að bjóðandi sem hyggst ná miklum tíðniréttindum úr uppboðinu geti dulist gagnvart samkeppnisaðilanum ef ekki er gefið upp hvaða aðili eigi hæsta boð í tíðniheimild. Það auki líkur á að einn og sami aðili hljóti mikið magn þeirra tíðniheimilda sem í boði eru og því sé mikilvægt að aðrir bjóðendur fái upplýsingar um hvaða bjóðendur standa að baki hæstu boðum.

Viðbrögð PFS:

PFS hefur farið yfir skilmála uppboðs og getur tekið undir þau sjónarmið sem fyrirtæki A setur fram. Skýrar hefði mátt koma fram í skilmálum uppboðsins að til stæði að bjóðendur fengju upplýsingar um hvort sami bjóðandi standi að baki boðum í mismunandi tíðniheimildir. Þannig er fyrirhugað að hver bjóðandi fái tiltekið auðkenni sem öll boð frá honum munu bera og að hann geti að sama skapi séð auðkenni annarra bjóðanda í tiltekna tíðniheimildir. Bjóðendur munu því ekki vera í þeirri stöðu að bjóða „blint“ gegn hvor öðrum þótt ekki sé gefið upp nafn fyrirtækis á bakvið úthlutað auðkenni. Er þessi regla sett með tilliti 2. mgr. 26. gr. reglugerðar, nr. 1047/2001, um skipulag og úthlutun tíðna, sem mælir fyrir um að ekki megi birta nafn bjóðanda sem á hæsta boð í tíðniheimild.

4.18 Talsímaþjónusta

Ákvæði skilmála:

Fyrirhugað uppboð er á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum til að byggja um öfluga háhraðafarnetsþjónustu og ná fram ákveðnum samfélagslegum sjónarmiðum um háhraðafarnet. Er því ekki að finna ákvæði í skilmálum uppboðsins er varðar talsímaþjónustu.

Afstaða umsagnaraðila:

Fyrirtæki A óskar eftir rökstuðning af hálfu PFS af hverju ekki eru gerðar kröfur um talsímaþjónustu á þeim stöðum sem ekki er talsímasamband til staðar og telur fyrirtæki að sú þjónusta skuli bætt samhliða verkefni þessu.

Viðbrögð PFS:

PFS getur ekki tekið undir sjónarmið fyrirtækis A um að auka eigi umfang verkefnisins og setja fram kröfur um bætt talsímaþjónustu. Telur PFS æskilegast að leysa hugsanleg vandkvæði varðandi aðgang að talsímaþjónustu á grundvelli alþjónustu, en í dag hvílir sú skylda á Símanum að veita slíka þjónustu til allra landsmanna. Sé einhver misbrestur á að ná því markmiði er eðlilegt að það komi til skoðunar við endurskoðun alþjónustukvaða á næsta ári.

Með þessu uppboði er fyrst og fremst verið að leitast við að byggja upp háhraðafarnetsþjónustu á umræddum tíðnisviðum, þótt vissulega sé 1800 MHz tíðnisviðið tæknilega hlutlaust. Þá telur PFS að þær útbreiðslu- og uppbyggingakröfur sem settar fram til þess fallnar að ekki sé unnt að gera frekari kröfur um bætt talsímaþjónustu.